



198. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands haldinn í Odda 8. feb. 2018 kl. 14:30.

Mætt: Elín Einarsdóttir, Hólmsfríður Sigrún Gylfadóttir (fulltrúi foreldra) (boðaði forföll), Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Jón G. Valgeirsson, Jóna S. Sigurbjartsdóttir, Kristín Traustadóttir, Olga Líska Garðarsdóttir, Sigursveinn Már Sigurðsson (fulltrúi kennara) Elísabet Davíðsdóttir (fulltrúi nemenda var veik) og Þórarinn Ingólfsson. Gestur á fundinum var skólastjóri frá Frakklandi.

Ingvar Pétur setti fundinn. Fundargerð 197. fundar var lögð fyrir og samþykkt án athugasemda.

Dagskrá:

1. Kynning á FSu fyrir grunnskólanemendur á vorönn – AÓS náms- og starfsráðgjafi

Agnes Ósk Snorradóttir náms- og starfsráðgjafi útskýrði fyrir nefndarmönnum hvernig fyrirkomulag kynninga er í grunnskólunum fyrir 9. og 10. bekki grunnskóla. Núna var sem sagt bætt við kynningu á skólanum fyrir 9. bekk að ósk náms- og starfsráðgjafa í grunnskólunum. Hún sagði frá því að opið hús yrði í FSu 6. mars frá kl. 17 til 19 fyrir nemendur grunnskóla og foreldra þeirra. Auk þess að útskýra hvernig fyrirkomulagið er á kynningunum þá sagði hún frá góðum tengslum þeirra við náms- og starfsráðgjafa grunnskólanna. Umræður sköpuðust og var Agnes spurð ýmissa spurninga. Í máli hennar kom meðal annars fram að það mætti bæta kynningarefni skólans.

2. Fundaról kennarafunda og vorönnin - OLG

Olga Líska útskýrði fyrir fundarmönnum hvernig skipulag funda er hugsað og hver eru áhersluatriðin. Hún renndi yfir hvað gert er á hverjum þriðjudegi á önninni. Hún sýndi tölur yfir nemendur á síðustu haustönn og á vorönn. Það hefur fækkað um 77 nemendur frá haustönn og er nemendatalan á vorönn 694 nemendur. Hún sýndi samanburðartölur á milli anna einnig sýndi hún tölur varðandi skiptingu á brautir á vorönn og hvaðan nemendur koma til okkar. Litlar breytingar urðu á starfsmannahaldi á milli anna.

- **Gert var stutt hlé til að taka mynd af hópnum og fá sér kaffi -**

3. Starfsmannasamtöl – OLG

Skólameistari sagði frá fyrirkomulagi fyrirhugaðra starfsmannasamtala á vorönn. Í máli hennar kom meðal annars fram að það yrðu nokkrir stjórnendur sem tækju þessi samtöl við undirmenn sína. Stefnt er að því að stytta samtölin þannig að þau verði að hámarki 30 mínútur. Fundarmönnum líst vel á þessa hugmynd.

4. Önnur mál

a. Þrjónarefill starfsfólks.

Útskýrt var fyrir nefndarmönnum fyrirkomulag refilsins og hvernig starfsfólk skólans tekur að sér að þrjóna mynd sem hönnuð var af Ágústu Ragnarsdóttur og Guðbjörgu Dóru Sverrisdóttur.



b. Ferð á Suðurnes.

Sigursveinn sagði frá heimsókn starfsfólks til Keflavíkur þar sem hlustað var á fyrirlestra og unnið með samstarfsfólki samstarfsskólanna þ.e. FVA og FS. Fundurinn var fimmtudaginn 1. febrúar og var gefið leyfi í skólanum þann dag.

c. Námsorlof skólameistara / afleysing.

Olga Lísá er að fara í námsorlof á næsta skólaári þ.e. í ágúst á þessu ári. Sá sem tekur við er Sigursveinn Már Sigurðsson.

d. Bjóða menntamálaráðherra í heimsókn

Ingvar Pétur er með þá hugmynd að bjóða menntamálaráðherra í heimsókn í skólann. Nefndarmenn voru jákvæðir fyrir því og er hugmynd að formaður skólanefndar sendi bréf og bjóði henni í heimsókn.

Næsti fundur er fyrirhugaður þegar ráðherra kemur í heimsókn í apríl
Fundu slitið kl. 16:05
Fundarritari,
Þórarinn Ingólfsson